

Mánudaginn 13. desember.

Nr. 31/1909:

Guðmundur Guðlaugsson

gegn

ráðherra Íslands Birni Jónssyni fyrir  
hönd landssjóðs og settum rannsókn-  
ardómara cand. juris Birni Líndal.

D ó m u r :

Áfryjandinn Guðmundur verzlunarmaður Guðlaugsson hefir í máli þessu áfryjað varðhaldsúrskurði, er yfir honum var uppkveðinn í lögreglurétti Akureyrar 4. desember f. á. við rannsókn út af húsbruna þar í kaupstaðnum nóttina milli 17. og 18. október f. á. og jafnframt krafist skaðabóta í málinu fyrir gæzluvarðhald að ósekju, samkvæmt lögum nr. 28 26. október 1893. Hefir áfryjandinn fengið gjafsókn fyrir yfirdómi, og stefnt málinu þangað með stefnu, dags. 21. júní þ. á., og hefir hann krafist þess fyrir yfirdómi, að varðhaldskostnaðurinn 4. desbr. f. á. verði úr gildi feldur, að sér verði dæmdar skaðabætur, að minsta kosti 1000 krónur, samkvæmt áður tilvitnuðum lögum 26. október 1893, fyrir að hafa setið í gæzluvarðhaldi samkvæmt úrskurðinum frá 4. til 9. desbr. f. á., og að rannsóknardómarinn verði látinn sæta fylstu refsingu fyrir greindan úrskurð sinn og fangelsun áfryjanda.

Málið féll í rétt í yfirdómi samkvæmt stefnunni 13. septbr. þ. á. og þá lagði umboðsmaður áfryjanda fram stefnuna og gjafsóknarleyfið, en fekk með samþykki umboðsmanns hinna stefndu 8 vikna frest til að leggja fram sókn í málinu. Þegar frestur þessi var liðinn, lagði umboðsmaður áfryjanda fram sóknarskjal og nokkur önnur

skjöl, en af hálfu stefndu kom enginn og var þá málið tekið undir dóm til að dæmast samkvæmt framansögðum gögnum, er frá áfryjanda höfðu verið framlögð, sbr. N. L. 1—4—32 og tilsk. 3. júní 1796, 2. gr.

Rannsókn sú, er úrskurðurinn, er mál þetta er sprottið af, var upp kveðinn í, var gjörð til þess að komast fyrir það, hver upptök hefðu verið að eldsuppkomu í húsinu nr. 31 í Strandgötu á Akureyri, en hús þetta brann nóttina milli 17. og 18. október f. á. Við rannsóknina varð það uppvíst, að áfryjandinn hefði komið einn inn í herbergi það, er eldurinn álízt hafa komið upp í, um hálfum klukkutíma áður en eldsins varð vart, og að hann hafði mist þar niður logandi cigarettu, er hann var með. Skýrði áfryjandi svo frá í prófunum, að hann hefði stigið ofan á cigarettuna þegar í stað og drepði þannig í henni, svo að hann hafi engan eldsvott séð eftir, en hins vegar játaði hann, að hann ekki gæti gjört sér neina skynsamlega grein fyrir upptökum eldsins aðra en þá, að kviknað hafi af cigarettu þeirri, er hann við þetta tækifæri misti niður á gólfid. Það er einnig upplýst í málinu, að í þessu sama herbergi, þar sem eldurinn telst hafa komið fyrst upp í, stóð steinoliutunna á stokkunum og að þar var pappírslusl á gólfinu og ýmislegt annað eldfimt. Þegar hér var komið rannsókninni, kom í ljós ósamræmi milli áfryjanda og eins af vitnunum, er yfirheyrð voru, um atvik, er þótti máli skifta fyrir rannsóknina, og kvað þá rannsóknardómarinn upp hinn áfryjanda varðhaldsúrskurð og hélt áfryjanda síðan einangruðum frá 4. til 9. desember f. á., og verður eigi álitid, að sú gjörð dómarans hafi verið ólögmat eða eigi að varða honum ábyrgðar. Það verður því eigi tekin til greina

krafa áfrýjanda um ábyrgð á hendur hinum stefnda rannsóknardómara fyrir hinn áfrýjaða úrskurð, og um ógilding hans getur eigi verið að ræða, þar sem hann var þegar numinn úr gildi af sjálfum dómaranum hinn 9. desbr. f. á.

Að því er snertir kröfu áfrýjanda um skaðabætur fyrir varðhaldsvistiua samkvæmt fyrnefndum lögum 26. október 1895, þá sést það ekki af málsskjölunum né heldur er þess getið í sókn áfrýjanda, að mál hafi eigi verið höfðað gegn áfrýjanda eftir að honum var slept úr varðhaldinu, eða að hann hafi verið sýkn dæmdur í slíku máli, en án þess að skýrsla liggi fyrir um þessi atriði, verður eigi lagður dómur á málið, og verður að vísa því frá dómi sakir ófullkominnar útlistunar í sókninni, að því er kröfuatriði það snertir, er hér er um að ræða (sbr. tilskip. 3. júní 1796, 5. gr.). Eftir þessum úrslitum verður málskostnaður að falla niður.

#### Því dæmist rétt vera:

Hinn stefndi rannsóknardómari cand. jur. Björn Líndal á fyrir kærum og kröfum áfrýjanda Guðmundar Guðlaugssonar í þessu máli sýkn að vera. Að öðru leyti vísast máli þessu frá yfirdóminum.

Málskostnaður fellur niður.